

Fiskeldi Austfjörðum ehf.  
Nesbala 122  
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 4. september 2012

Tilvísun: 201209006 / 2.8.2

### **Efni: Fyrirspurn um matsskyldu fiskeldis í Berufirði og Fáskrúðsfirði**

Vísað er til tölvupósts Fiskeldis Austfjarða ehf., dags. 30. ágúst 2012, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar breytingar á fiskeldi Fiskeldis Austfjarða ehf. í Berufirði og Fáskrúðsfirði séu tilkynningarskyldar skv. 13. tl. a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar breytingar eru:

#### **1.**

Í Berufirði, þar sem leyfi er til framleiðslu á 4000 tonnum af laxi og 4000 tonnum af þorski á ári verði framleidd 6000 tonn af laxi og 2000 tonn af regnbogasilungi.

Skipulagsstofnun vísar til fyrri málsmeðferða er varða umhverfisáhrif af lax- og þorskeldi í Berufirði.

Árið 2000 var tekin ákvörðun um að eldi á allt að 8000 tonnum af laxi skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum og umhverfisráðuneytið staðfesti það í framhaldi af kæru.

Árið 2006 var tekin ákvörðun um að breyting á framangreindu 8000 tona laxeldi í 7000 tonn af laxi og 1000 tonn af þorski skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Árið 2009 var tekin ákvörðun um að breyting á framangreindum 7000 tonnum af laxi og 1000 tonnum af þorski í 4000 tonn af laxi og 4000 tonn af þorski skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Veiðimálastofnunar, móttækin 28. maí 2009, um eldi á allt að 2000 tonnum af laxi og eða regnbogasilungi á vegum Dýrfisks í Dýrafirði segir m.a.:

*„Regnbogasilungur er ekki náttúrulegur á Íslandi. Hann hefur verið í eldi hér sem og víða um lönd í áratugi en er upprunnin frá Vesturströnd N-Ameríku og hrygnir að vori. Regnbogasilungur hefur ekki náð að fjölga sér á Íslandi. Regnbogasilungur veldur því ekki erfðablöndunarhættu, né hefur varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn.“*

Með vísan í ofangreinda tilvitnun úr umsögn Veiðimálastofnunar telur Skipulagsstofnun að fyrir liggi að ekki sé hætt á því að regnbogasilungur valdi erfðablöndun né hafi varanleg áhrif á íslenskar ár og vötn.

Í fyrri ákvörðunum Skipulagsstofnunar um umhverfisáhrif af fiskeldi í Berufirði hefur verið gert ráð fyrir eldi á allt að 8000 tonnum af laxi og breytingin sem nú er til umfjöllunar gerir


ekki ráð fyrir að lífmassi aukist umfram það. Í ljósi þess að ekki verður aukning í lífmassa og í ljósi framangreindrar umfjöllunar um umhverfisáhrif af eldi regnbogasilungs telur Skipulagsstofnun að breytingin rúmist innan fyrri ákvarðana. Fyrirhugaða breytingu á fiskeldinu sem hér er fjallað um þurfi því ekki að tilkynna til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

2.

Í Fáskrúðsfirði þar sem leyfi er til framleiðslu á 3000 tonnum af þorski á ári verði framleidd 3000 tonn af laxi.

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að um sé að ræða sömu framleiðslu á lífmassa þá sé um að ræða starfssemi sem kunní að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þar sem laxeldi hefur í för með sér mögulega erfðablöndunarhættu. Um þann áhrifaþátt fiskeldis í Fáskrúðsfirði hefur hefur ekki verið fjallað og því er um að ræða tilkynningarskylda framkvæmd skv. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, með vísan í tl. 13a í 2. viðauka laganna.

  
Rut Kristinsdóttir

  
Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit: Fiskistofa, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Austurlands